

## MINNISBLAÐ

### SKJALALYKILL

5901-003-MIN-001-V01

### DAGS.

11.12.2018

### SENDANDI

Snævarr Örn Georgsson

### VERKHEITI

Hólsvirkjun

### VERKKAUPI

Arctic Hydro

### DREIFING

Skárnir Sigurbjörnsson, Arctic Hydro

### MÁLEFNI

Vöktunaráætlun Hólsvirkjunar

## Vöktun að framkvæmdum loknum

Í vöktunaráætlun með umhverfisskýrslu deiliskipulags Hólsvirkjunar, sem ítrekuð er í matsskýrslu Hólsvirkjunar, er gert ráð fyrir eftirfarandi vöktun:

*„Gert er ráð fyrir að áhrif á gróður verði vöktuð í fjögur ár að framkvæmdum loknum þar sem rof á bökkum lóna og úrrennsli frá raski í hlíðum verður skoðað og lagfært eftir þörfum. Vaktað verður vatnsstreymi á votlendissvæðum þar sem mýrar hafa verið þveraðar og gerðar úrbætur eftir þörfum. Framkvæmdaraðili skal fá sérfræðing til að meta ástandið árlega og þörf fyrir úrbætur. Að fjórum árum liðnum skal samantekt um vöktun og aðgerðir lögð fyrir náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins til mats um hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg.“*

Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar frá 11. júní 2018 er ekki gerð nein krafa um frekari vöktun en fram kom í matsskýrslu Arctic Hydro. Sérfræðingar sem að könnuðu fugla- og vatnalíf töldu ekki ástæðu til neinnar skipulagðrar vöktunar að framkvæmdum loknum.

Þá er vísað til bókana skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar frá 11. janúar 2018 og 20. september 2018:

*„Við útgáfu á framkvæmdaleyfi verða sett skilyrði um vöktun ákveðinna umhverfisáhrifa eins og t.d. rofs á vatnsbökkum lóna og vatnsstreymi við pípuskurð og mun Þingeyjarsveit meta að framkvæmdum loknum, í samráði við sérfræðinga á þessu sviði, hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg og hve oft og hvaða umhverfisþætti skuli vakta.“*

Því leggur EFLA til að eftirfarandi atriði verði vöktuð í fjögur ár að framkvæmdum loknum:

- Gróður á pípuleið og við mannvirki.
- Rof á lónbökkum.
- Vatnsstreymi á votlendissvæðum þar sem mýrar hafa verið þveraðar með pípu eða vegi.
- Úrskolon frá raski í hlíðum.

## Umsjón vöktunar

EFLA verkfræðistofa mun sjá um að halda utan um vöktun ofangreindra umhverfisþátta í fjögur ár að framkvæmdum loknum. Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn EFLU hafa ekki næga sérfræðipækkingu til að meta áhrif mun EFLA fá utanaðkomandi sérfræðing til að meta áhrif framkvæmdarinnar á viðkomandi vöktunarþátt. Að fjórum árum liðnum mun EFLA taka saman niðurstöður vöktunar og mótvægisáðgerðir, ef einhverjar voru, og leggja fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar til mats um hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg.

Fyrir hönd EFLU,



---

Snævarr Örn Georgsson